

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðæfni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum til- lögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

6. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem yfirdýralæknir ræður sérstaklega til þeirra verka. Yfirdýralæknir setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.

7. gr.

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998.

8. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: fagráð.

9. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefndar“ í 13., 16. og 18. gr. laganna kemur: fagráðs.

10. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 111/2000,
um sjúklíngatryggingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „lánskjaravísitölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.***LÖG****um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur
vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Markmið. Gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að eflingu innlendrar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi.

Nú fellur meira en 80% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis til á Íslandi og skal þá endurgreiðsla reiknast af þeim heildarframleiðslukostnaði sem til fellur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til hér á landi og heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Laun og verktakagreiðslur teljast eingöngu til framleiðslukostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Umsókn um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar skal send iðnaðarráðuneytinu. Endurgreiðslubeiðni, ásamt fylgigögnum, skal berast áður en framleiðsla hefst hér á landi. Sérstök fjögurra manna nefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu. Iðnaðarráðherra skipar nefndina og skulu menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Kvikmynda-sjóður Íslands tilnefna sinn mann hver, en sá fjórði skal skipaður án tilnefningar og vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.